



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Haustönn 2017

## FÓHE2FU05

Fóðrun og umsjón hesta

<b>Kennarar:</b>	<b>Sigurður Torfi Sigurðsson</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>STS</b>
------------------	----------------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Meginviðfangsefni áfangans er að kenna helstu atriði varðandi fóðrun, fóðurgæði og umhirðu hesta. Nemendum er kennt að meta fóðurástand hesta sinna, gæði fóðurs og hvert sé nauðsynlegt næringarefna í innihaldi hestafóðurs. Farið verður yfir helstu grunnþætti almennar fóðurfræða og hvernig fóðra skal hesta miðað við mismunandi aðstæður og fóðurkröfur t.d. hest á viðhaldsfóðri, hest í vexti eða mikið brúkaðan reiðhest. Farið verður helstu þætti er snúa að dýravelferðarmálum og hvernig hægt sé að haga umhirðu hests þannig að hann hljóti aukin vellíðan s.s. rakstur, kemming og undirburður í stíum. Nemendur læra að meta ástand járningar og fótstöðu, öðlast meiri færni í meðhöndlun járningaverkfæra, læra að klippa til hófa, móta til skeifur og framkvæma einfalda járningu.

Kennsla fer að nokkru leiti fram í hesthúsum, en þurfa að meta holdafar hrossa sinna, setja upp fóðurráttun og skrásetja. Skýrslu skal skilað í lok námskeiðs.

**Undanfari:** HEST1GR05, REIM1GR05, FÓHE2HU03 (Eða HEM402 og REM403)

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunn atriði í fóðurfræði
- fóðurþörf og fóðurástandi hrossa
- mismunandi orkugjöfum
- gróffóðri og kjarnfóðri
- steinefnaþörf hrossa
- dýravelferðarmálum
- almennum atriðum er varða þrif á hrossum
- almennum atriðum er varða hreinlæti í hesthúsum
- aðbúnaði hrossa í hesthúsi
- grunnatriði varðandi járningar og fótstöðu

### **Leikniviðmið:**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði
- meta gæði fóðurs
- setja upp fóðuráætlanir með tillit til holdafars hesta, notkunar og gæði fóðurs
- umgangast og hirða hesta á öruggan og ábyrgðarfullan hátt
- meðhöndla járningaverkfæri
- klippa hófa miðað við grunnstöðu hófs
- járna einfaldar járningar
- raka undan faxi og kvið hrossa

### **Hæfniviðmið:**

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hugsa rétt um hesta, fóðra þá og meta líkamlegt ástand, s.s. holdastig og almennt heilbrigði.
- skrásetja atriði er lúta að umhirðu hrossa
- setja upp fóðuráætlanir
- fóðrað hross hvort sem er á húsi eða á útigangi
- járna einfaldar járningar
- meta rétta fótstöðu hrossa
- meta ástand járninga
- halda hestum á húsi hreinum og í sæld
- ganga rétt um búnað og verkfæri er lúta að hestahaldi s.s. járningaverkfæri, kamba, klippur, ofl.

### **Námsefni:**

Hestafræði Ingimars, ýmis efni frá kennara.

Greinar og ítarefni sem tengjast námsefninu verða birtar á Moodle

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
34	21. – 25. ágúst	Kynning á efni, inngangur að fódurfræði. Hrossahagar, beit og beitarsjórnun	
35	28. – 1. sept	Hrossahagar, beit og beitarsjórnun. Fóðrun reiðhrossa	Verkefni 1 lagt fyrir.
36	4.- 8. sept	Samsetning fódurs og næringarefni. Meltingarfæri hrossa og meltanleiki fódurs.	
37	11.-15. sept	Fóður og fódurefni. Stigunarkvarði holdafars.	Skil á verkefni 1. Verkefni 2 lagt fyrir.
38	18.-22. sept	Fóðurþarfir reiðhrossa.	Verklegar æfingar / úttekt á hrossum.
39	25. - 29. sept	Mat á fódri	Skil á verkefni 2.
40	2.- 6. okt	Orku og próteinþarfir hrossa	Fóðurdagbók færslur hefjast.
41	9.- 13. okt	Stein- og snefilefni	Verkefni 3 lagt fyrir.
42	16. - 20. okt	Heilbrigði meltingarvegs, ormalyf og fæðubótarefni.	
43	23. - 27. okt	Umhirða reiðhrossa, kemming rakstur og dagleg	Skil á verkefni 3
44	30.okt - 3. nóv	Undirburður í stíum	Verkefni 4 lagt fyrir
45	6. - 10. nóv	Járningar og hófhirða	Verklegar æfingar
46	13. - 17. nóv	Dýravelferð, lög og reglugerðir	Skil á verkefni 4
47	20.- 24. nóv	Járningar og hórhirða, reglur varðandi keppni og kynbótasýningar.	Fóðurdagbók lokafærslur
48	27. nóv – 1. des	Samantekt og upprifjun á fódurfræði.	Verklegar æfingar / úttekt á hrossum.
49	4. des - 7. des	Samantekt og upprifjun á efni áfangans. Námsmat hefst.	Skil á fóðurdagbók og lokaskýrslu.

### Sérreglur áfangans:

Hluti áfangans er kenndur í formi námskeiða eða verkefna utan skólatíma. Skilaverkefni eru fjögur talsins, þrjú þeirra eru minni verkefni sem koma til með að fjalla um efni sem tekið er fyrir hverju sinni. Fjórða verkefnið er yfirgrípsmeira þ.e. fóðurdagbók í mánuð sem skilast í lok annar auk skýrslu. Skiladaga annarra verkefna er tveimur vikum eftir að þau er lögð fyrir. Ef nemandi skilar verkefni ekki á tilsettum tíma dregst einn heill frá einkunn fyrir hvern dag sem seinkun nemur.

Nánari útskýringar á verkefnum verða um leið og þau eru lögð fyrir.

### Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmáti	Vægi
Verkefni 1-4	Verkefni 1-4 úr efni námskeiðs. vægi 5 - 10% fyrir hvert verkefni	30%
Verkefni 5	Fóðurdagbók og skýrsla	50%
Ástundun	Mætingar og virkni í umræðum	20%

**Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**